

Reykjavík, 23. júní 2016

Niðurstaða athugunar á útlánum Sparisjóðs Strandamanna ses.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á útlánum hjá Sparisjóði Strandamanna ses. í október 2015. Markmið athugunarinnar var að kanna gæði útlánasafns sparisjóðsins, með tilliti til 17., 19. 30. gr. og 88. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglna nr. 670/2013 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, reglna nr. 625/2013 um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum og reglna nr. 834/2003 um reikningsskil lánastofnana.

Könnuð voru útlán og veittar ábyrgðir er námu um 620,5 milljónum króna eða 65,6% af útlánasafni sjóðsins. Sérstök áhersla var lögð á að skoða útlán hjá tuttugu lánþegum sem voru með hæstu skuldbindingar gagnvart sjóðnum sem og aðila tengda þeim.

Þá var farið ítarlega yfir allar nýjar lánveitingar sjóðsins á tímabilinu 1. júlí 2014 til 30. júní 2015 sem voru að fjárhæð 3 m.kr. eða hærri, alla lánþega í vanskilum umfram 90 daga og framlög í sérgreindan afskriftareikning.

Í athuginni var farið yfir fundargerðir stjórnar og innri reglur sparisjóðsins, auk þess sem kannað var hvernig eftirliti af hálfu starfsmanna og stjórnar með fjárhag og greiðslugetu lántaka var háttað.

Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í maí 2016 og miðast við 30. júní 2015. Helstu niðurstöður athugunarinnar voru eftirfarandi:

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir við að ekki var til staðar skjalfest verklag til að stýra framkvæmd og úrvinnslu lánaákvarðana. Ennfremur var gerð athugasemd við að sparisjóðurinn hafði ekki framkvæmt áreiðanleikakannanir á öllum viðskiptavinum sínum, sbr. II. kafla laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að í lánareglum sparisjóðsins væri ekki nægilega skýrt tilgreint í hvaða tilvikum heimilt er að hika frá ákvæðum reglnanna um tryggingar og taldi það ekki samrýmast góðum viðskiptaháttum og venjum á fjármálamarkaði.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að upplýsingagjöf til stjórnar sparisjóðsins um útlánaáættu og verklag áhættustýringar var ekki í samræmi við innri reglur sparisjóðsins og því hafi stjórn sparisjóðsins ekki getað sinnt eftirlitshlutverki sínu með fullnægjandi hætti. Einnig var gerð athugasemd við að ekki var til staðar skjalfest verklag til að styðja við framkvæmd áhættustýringar sparisjóðsins.

Varðandi lánveitingar til einstakra aðila gerði Fjármálaeftirlitið athugasemdir við að sparisjóðurinn hafði ekki í tveimur tilvikum aflað fullnægjandi gagna við lánveitingu og að í einu tilviki hafði ekki farið fram raunmat á tryggingarandlagi.

Að lokum gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við að framkvæmd sparisjóðsins við mat á almennu afskriftarframlagi samrýmist ekki afskriftarreglum sjóðsins eða reglum nr. 843/2003 um reikningsskil fjármálafyrirtækja.

Fjármálaeftirlitið gerði kröfur um að Sparisjóður Strandamanna ses. geri viðeigandi úrbætur vegna athugasemdanna. Óskað var eftir því að innri endurskoðandi sparisjóðsins framkvæmi úttekt á úrbótum og skili Fjármálaeftirlitinu greinargerð í september 2016.